Með því nú stjórnarráðið hefir í hyggju að fara þess á leit við ríkisþingið, að framvegis verði veitt jafnmikið fè í þessu skyni, og veitt hefir verið þetta árið, þá skal hèrmeð skorað á yður, háæruverðugi herra, að hlutast til um, að þetta verði heyrum kunnugt á Íslandi í tækan tíma, og hvetja hlutaðeigendur, er óska, að tekið verði tillit til þeirra, þá er úthlutað verður styrktarfè þessu, ef það fæst, til að senda bænarskrár um það, með nákvæmum skýrslum um tekjur þeirra og annan efnahag, og eruð þèr jafnframt beðnir að bæta við skýrslu yðar um uppgjafapresta og prestsekkjur á Íslandi, dags. 24. dag ágústm. f. á., ýtarlegri embættisskýrslum um upphæð á tekjum þeim, er hlutaðeigendur hafa af brauðunum, og senda stjórnarráðinu skýrslur þessar um leið og þèr sendið bænarskrár þær, sem hèr er um rætt, og uppástungur yðar um úthlutun styrktarfjár þessa næstkomanda fjárhagsár. 1864. 9. júlí.

---

61. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um nýja póstferð millum Eskifjarðar og Akureyrar. 14. júlí.

Í brèfi 4. d. nóvemberm. f. á. hafið þèr, herra amtmaður, leitað samþykkis dómsmálastjórnarinnar uppá það, að þèr hafið skipað nýja póstferð frá Eskifirði til Akureyrar 15. dag maímánaðar, er komist í samband við póstferðina frá Akureyri til Reykjavíkur 6. dag júním. og þriðju póstskipsferðina frá Reykjavík til Kaupmannahafnar; hafið þèr tekið fram, að þèr hafið gjört þetta af því, hve áríðandi slík ráðstöfun sè fyrir embættisstjórnina yfirhöfuð, og til þess, að ársreikningarnir frá sýslumönnum og umboðsmönnum í amti því, sem þèr eruð yfir skipaðir, geti komizt með þeirri ferð póstskipsins, sem nú var nefnd. Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hèrmeð leggur samþykki sitt á þessa ráðstöfun yðar, sem eptir því, er þèr skýrið frá, mun hafa í för með sèr hèrumbil 26 rd. kostnað.